

1976 2/3 Garðahr.: Sátt, 7.000 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga og reglum um stöðumæla.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 20. gr. laga nr. 54/1960. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 6 daga.

Pá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Anrold Beinteinn Bjarnason, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 6 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Fimmtudaginn 26. október 1978.

Nr. 166/1978. **Ríkissaksóknari**

gegn

yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Kærumál. Kröfu ríkissaksóknara um dómsrannsókn synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sakadómi Reykjavíkur verði dæmt skylt að

heyja dómsrannsókn þá, er grein er gerð fyrir í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms Reykjavíkur 24. júlí 1978.

Skjöl málsins búrast Hæstarétti frá yfirsakadómarara hinn 3. þ. m., en greinargerð ríkissaksóknara hinn 5. þ. m.

Staðfesta ber þá úrlausn sakadóms Reykjavíkur, að rannsókn af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins í málum þeim, sem bréf ríkissaksóknara 24. júlí 1978 lýtur að, sé eigi komin á það stig, að skylt sé að taka þau til dómsrannsóknar samkv. 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976.

Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. september 1978.

Ár 1978, þriðjudaginn 26. september, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara.

Hinn 24. júlí sl. sendi ríkissaksóknari dóminum endurrit af dómsrannsókn, sem fram hafði farið í sakadómi Reykjavíkur í lok árs 1976 og janúar-mars 1977 á hendur Guðbjarti Þórði Pálsyni, Bragagötu 38 A, en Guðbjartur hafði látist 21. mars 1977. Í bréfi ríkissaksóknara er gerð krafa um, að dómsrannsókn fari fram. Þykir verða að taka hér upp orðrétt kröfugerð ríkissaksóknara:

„Embættið hefur nú lokið athugun sinni á fyrirbyggjandi rannsóknargögnum máls þessa og komist að þeirri niðurstöðu, að þrátt fyrir andlát hins kærða sé ástæða til að halda áfram rannsókn á vissum þáttum málsins, einkum að því er varðar ætlaða hlutdeild annarra manna í ætluðum fjársvika- og fjárdráttarbrotum kærða og e. t. v. þá sjálfstæðum refsilagabrotum þessara sömu manna, og verður nú gerð nánari grein fyrir þeim þáttum málsins, sem óskað er eftir, að framhaldsrannsóknin beinist að, svo og þeim mönnum, sem hugsanlega gætu tengst ætlaðri brotastarfsemi kærða, Guðjarts Þórðar, með refsiverðum hætti:

I.

Rannsókuð verði nánar fjármálaleg samskipti Arnar Clausen, hæstaréttarlögmanns hér í borg, og Guðbjarts Pálssonar, eink-

um á árinu 1973. Fyrir liggja í málinu gögn, sbr. dskj. 21 og 34, um það, að Guðbjartur Pálsson hafi á tímabilinu 17. apríl — 2. ágúst 1973 lagt inn á hlaupareikning Arnar Clausen nr. 164 við Útvegsbanka Íslands, Kópavogi, samtals kr. 9.840.810.-, sem óupp- lýst er, hvaðan var runnið. Guðbjartur Pálsson hefur haldið því fram, að Örn hafi átt þetta fé, en Örn aftur hinu gagnstæða, og hefur hann jafnframt fullyrt, að Útvegsbankinn í Kópavogi hafi á þessum tíma keypt af Guðbjarti töluvert magn af verðbréfum og hafi andvirði bréfanna verið lagt inn á hlr. 164 samkvæmt samkomulagi þeirra Guðbjarts. Örn hefur ennfremur haldið því fram, að hann hafi greitt Guðbjarti út af reikningnum allt þetta fé, sem er þó ósennilegt, þar sem aðeins finnast 17 tékkar, samtals að fjárhæð kr. 2.949.000.-, sem tékkaðir hafa verið út af reikningnum til Guðbjarts.

Þar sem hér er um að ræða verulegar fjárhæðir, sem engin viðhlítandi grein hefur verið gerð fyrir af hálfu Arnar Clausen, þykir bera nauðsyn til að halda áfram rannsókn á þessum þætti málsins með eftirgreindum hætti:

1. Aflað verði upplýsinga frá Útvegsbanka Íslands í Kópavogi um það, hvort bankinn hafi á fyrrgreindu tímabili keypt af Guðbjarti Pálssyni verðbréf í einhverjum mæli, og hafi svo verið, verði aflað hjá bankanum ljósrita af þeim verðbréfum og af reikningum bankans vegna kaupanna.

2. Teknar verði skýrslur af skuldurum (seljendum) verðbréfanna og þeir ínttir eftir þeim viðskiptum, sem kunna að hafa legið til grundvallar afhendingar eða sölu á verðbréfum til Guðbjarts eða e. t. v. Arnar.

3. Leiði rannsóknin í ljós, að Örn Clausen hafi í einhverjum mæli keypt verðbréf með afföllum, skal kannað, hvort og þá hvernig þau hafi verið færð í bókhaldi eða á skattaframtali Arnar.

4. Komi það hinsvegar í ljós, að fjárinnlagnir Guðbjarts Pálssonar á hlr. 164 verði ekki skýrðar með verðbréfakaupum af hálfu bankans, skal rannsóknin beinast að þeim möguleika, að Örn Clausen hafi aflað sér fjárens með sölu á innstæðulausum tékkum, dagsettum fram í tímann, og notið til þess aðstoðar Guðbjarts Pálssonar. Hafi svo verið, verði kannað, hvernig Örn hafi þá tryggt innstæðu fyrir tékkunum á skráðum útgáfudegi þeirra. Í þessum samböndum er rétt að benda á, að víða kemur það fram í rannsókninni, að Guðbjartur hefur komið tékkum frá Erni í „geymslu“ hjá mönnum. Kannað verði, hvort þetta þýði það, að

þessir menn kaupi tékkana með afföllum eða með öðrum hætti.

5. Nauðsyn kann að verða á því að afla gagna úr bókhaldi Arnar Clausen til upplýsinga og glöggvunar um framangreind atriði, og skal þá skorað á Örn að leggja þau fram, en ella að afla þeirra eftir réttarfarsleiðum.

II.

Sá þáttur annar í máli þessu, sem óskað er frekari rannsóknar á, er viðskipti Guðbjarts Pálssonar við Samvinnubankann í Reykjavík á árunum 1969—1974. Skál rannsóknin miðast að því að upplýsa, hvort fyrirgreiðsla sú, sem Guðbjartur Pálsson naut hjá bankanum á fyrrgreindum árum, einkum í formi verðbréfa-kaupa af Guðbjarti, sem aflaði sér verðbréfanna með affallakaupum, en bankinn keypti svo á nafnverði, og með yfirdráttarheimildum á hlaupareikningi Guðbjarts við bankann nr. 3131, feli í sér hlutdeild af hálfu forráðamanna bankans, þ. e. bankastjóra og bankastjórna á fyrrgreindu tímabili, í ætluðum auðgunarbrotum og skattalagabrotum Guðbjarts Pálssonar eða sjálfstæðum refsilagabrotum þessara sömu manna, sbr. 263. gr. almennra hegningarlaga, með stórfelldum verðbréfa kaupum af manni, sem samkvæmt opinberum gögnum hafði allengi verið bæði eignalaus og tekjulítill. Rannsókninni skal háttað með eftirgreindri upplýsingaöflun:

1. Aflað verði til framlagningar í málinu ljósrita af skattaframtölum og álagningarseðlum Guðbjarts fyrir skattárin 1970—1975.

2. Teknar verði skýrslur af skuldurum (seljendum) verðbréfa þeirra, sem Samvinnubankinn keypti af Guðbjarti, sbr. dskj. 66, um það, með hvaða hætti Guðbjartur komst yfir verðbréfin og á hvaða kjörum.

3. Tekin verði frekari skýrsla af Kristleifi Jónssyni, banka- stjóra Samvinnubankans, og hann sérstaklega inntur eftir tilkomu 11 tékka, sbr. dskj. 30, sem allir eru útgefnir af Erni Clausen á hlr. 164 við Útvegsbankann í Kópavogi á tímabilinu apríl-júlí 1973, samtals að fjárhæð kr. 1.894.000.-, en tékkar þessir eru allir tekjufærðir á hlr. 3131, án framsals, en áritaðir af einhverjum, að líkindum starfsmanni bankans, um að þeir skuli leggjast inn á greindan hlaupareikning. Ennfremur er augljóst, að meginmál tékkanna er ritað af öðrum en útgefanda þeirra, og skal Kristleifur inntur eftir því, hvort hann búi yfir upplýsingum um það

og ástæðum þess, að svo var gert, enda verði þær upplýsingar bornar undir útgefanda tékkanna, Örn Clausen, og hann þá jafnframt inntur eftir því, hvaða viðskipti hafi legið að baki afhendingar tékkanna.

Rétt þykir, að Kristleifur Jónsson verði sérstaklega yfirheyrður um vitneskju hans sem bankastjóra um efnahag og tekjumöguleika Guðbjarts Pálssonar á fyrrgreindu tímabili sem viðskiptamanns bankans og þá jafnframt hver hafi verið viðhorf hans sem bankastjóra um getu Guðbjarts til svo umfangsmikilla verðbréfa-kaupa sem raunin varð á. Loks verði Kristleifur beinlínis inntur eftir því, hvort hinar stöðugu yfirdráttarheimildir bankans til Guðbjarts á hlr. 3131 á fyrrgreindu tímabili hafi verið veittar af hálfu bankans í því skyni að gera Guðbjarti kleift að stunda af-fallakaup á verðbréfum með þeim skilyrðum, að bankinn fengi verðbréfin að einhverju eða öllu leyti til skuldajöfnunar á nafn-verði við skuldir Guðbjarts í bankanum. Hafi svo ekki verið, skal gengið eftir hjá Kristleifi, hvaða sjónarmið hafi þá ráðið þessum áframhaldandi yfirdráttarheimildum.

4. Tekin skal skýrsla af formanni (mönnum) bankaráðs Samvinnubankans á fyrrgreindu tímabili og borinn undir hann fram-burður Kristleifs Jónssonar, bankastjóra, á bls. 46 í endurríti dómsrannsóknarinnar um það, að viðskipti bankans við Guðbjart Pálsson, hvort sem þar var um að ræða verðbréfa-kaup af Guð-bjarti eða hina sérstæðu framkvæmd á yfirdráttarheimild á hlr. 3131, hafi í einu og öllu verið framkvæmd að vilja bankastjórnar-innar í þessum efnunum. Borin skal undir bankaráðsformanninn í þessum samböndum dskj. 66, þ. e. kaupnótur bankans á verð-bréfum, og dskj. 67, þ. e. yfirlit yfir tékkaútgáfu Guðbjarts á hlr. 3131, eftir að tékkhefti höfðu verið tekin af honum að ákvörðun bankastjórnarinnar, en honum þess í stað fengin í hendur tékka-eyðublöð, eitt eða fleiri í einu, samtals 55 blöð á tímabilinu, jafn-framt því sem honum var heimilað, eftir því sem næst verður komist, tékkaútgáfa á reikninginn, sem nam samtals á tímabilinu kr. 10.131.879.-. Bankaráðsformaðurinn skal, ef rétt reynist, að viðskiptin við Guðbjart hafi verið með vitund og vilja bankaráðs, inntur eftir, með sama hætti og Kristleifur Jónsson, viðhorfum bankaráðs til efnahags og tekjuöflunarmöguleika Guðbjarts á sín-um tíma og hvaða sjónarmið hafi ráðið framanlýstum viðskipta-háttum við Guðbjart.

5. Komi inn í rannsóknarmyndina einhverjir þeir aðrir, sem

um þessa þætti gætu borið, óskast teknar skýrslur af þeim að því marki sem tilefni kann að gefast til.

Áhersla er lögð á það, að allar framangreindar yfirheyrslur fari fram í dómi, en umbeðin gagnaöflun og aðrar rannsóknaraðgerðir fari samkvæmt 4. mgr. 12. gr. laga nr. 107/1976 um breyting á 74. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála fram með aðstoð rannsóknarlögreglu ríkisins eftir því sem rannsóknardómarinn telur nauðsyn bera til.“

Kröfu þessari synjaði dómurinn með bréfi til ríkissaksóknara, dags. 1. ágúst.

Með bréfi, sem dagsett er 6. þ. m., en sent var sakadóminum 20. þ. m., krafðist ríkissaksóknari þess, að formlegur úrskurður yrði felldur um synjunina. Með bréfi þessu bárust gögn þau, sem fylgt höfðu bréfinu 24. júlí, en eigi hafði í neinu verið bætt úr vanköntum þeim á málatilbúnaði, sem lýst hafði verið í bréfi sakaðóms 1. ágúst.

Krafa ríkissaksóknara um dómsrannsókn fullnægir ekki skilyrðum 74. gr. laga 74/1974, sbr. 12. gr. laga 107/1976, svo sem nú skal skýrt nánar:

1. Sakborningur er ekki tilgreindur svo ótvírætt sé, svo sem boðið er í 1. tl. 2. mgr. 74. gr.

2. Sakarefni er ekki tilgreint nægilega skýrt, sbr. 2. tl. 2. mgr. 74. gr.

3. Samkvæmt upphafsákvæði 74. gr. er ekki gert ráð fyrir, að dómsrannsóknar sé beiðst fyrr en frumrannsókn hefur farið fram. Um sakarefni þau, sem helst verður að ætla, að rannsókn eigi að beinast að, hefur ekki farið fram slík undirbúningsrannsókn. Kemur það ljóst fram í einstökum liðum kröfugerðarinnar, en þar er m. a. krafist öflunar ýmiss konar skjala og könnunar á bókhaldi og skattframtölum (I.1., 3. og 5., II.1.). Slík gagnaöflun til undirbúnings dómsmeðferðar heyrir til frumrannsókn (sbr. 32. gr. laga um meðferð opinberra mála, 3. mgr. i. f.) og á að vera lokið áður en dómsrannsóknar er krafist.

4. Gögn, sem fylgdu beiðni ríkissaksóknara, þ. e. endurrit af dómsrannsókn ásamt 73. fskj., 4 skjalamöppum með ýmiss konar gögnum, kassi með tölvuútskriftum, enn fremur bréf ríkissaksóknara 17. febr. 1977 ásamt 1 fskj., eru öll í einriti. Samkvæmt 3. mgr. 74. gr. skulu gögn fylgja beiðni um dómsrannsókn í nægilega mörgum eintökum, og verður hið fæsta komist af með eitt

eintak handa dómnum og afrit handa hverjum sakborninga eða lögmönnum þeirra.

Krafa ríkissaksóknara verður samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, eigi tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Framangreind krafa ríkissaksóknara um dómsrannsókn verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 30. október 1978.

Nr. 67/1976.

Ásgeir Einarsson

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Gunnbirni Jónssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Skuldamál. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Afrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. mars 1976. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 80.249 krónur með 7% ársvöxtum frá 3. maí 1971 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Enginn ágreiningur er um það, að stefnda var ljóst, þegar hann gerði kaupsamninginn um m/s Emmu, GK 279, þann 7. september 1961, að veðskuldabréf samkvæmt 2. tl. samningsins höfðu þá ekki enn verið gefin út, en útgáfa þeirra var